

Nefndarsvið alþingis
B.t. efnahags-og viðskiptanefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2024

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar). Mál nr. 921 á 154. löggjafarþingi.

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar ofangreint frumvarp sem er ætlað að einfalda regluverk erlendra fjárfestingar, einkum í nýsköpun og þar af leiðandi auðvelda íslenskum fyrirtækjum að sækja fjármagn erlendis.

Ísland stenst ekki samkeppni um erlenda fjárfestingu

Aðgengi að lánsfé er grundvallarþáttur í möguleika nýsköpunarfyrirtækja til vaxtar og með frumvarpinu er ætlunin að styðja við íslenskt atvinnulíf, einkum fyrirtæki í nýsköpun með því að auka samkeppnishæfni þeirra við fyrirtæki í öðrum löndum. Samkeppnishæfni íslenska skattkerfisins skorar lágt í alþjóðlegum samanburði, ekki síst hvað varðar skattlagningu yfir landamæri.¹ Ekkert annað Norðurlandanna leggur skatt á hagnað erlendra lögaðila eða einstaklinga af sölu hlutabréfa og með breytingunum færumst við nær okkar helstu samanburðarlöndum.

Með frumvarpinu birtist viðleitni stjórnvalda til að bæta skattaumhverfið, einfalda regluverkið og stuðla að auknu fjármagni til íslenskra fyrirtækja og efla verðmætasköpun hér á landi.

Tækifæri til að gera enn betur

Samkvæmt a. lið 1. gr. frumvarpsins fellur brott skattskylda erlendra aðila og einstaklinga vegna söluhagnaðar hlutabréfa í íslenskum hlutafélögum, þó að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Viðskiptaráð fagnar þessari breytingu en telur

¹ Taxfoundation - International Tax Competitiveness Index 2023: https://taxfoundation.org/wp-content/uploads/2023/10/TF-ITCI23-Book_16-10_FV.pdf

rétt að falla frá nánar umræddum skilyrðum og hætta alfarið að skattleggja hagnaðinn svo reglur hér séu sambærilegar þeim sem gilda á hinum Norðurlöndunum. Ákvæðið byggir að nokkur leyti á ákvæðum sem þekkjast í tvísköttunarsamningum en ráðið telur mikilvægt að ákvæðið verði lögfest, bæði til að einfalda skattframkvæmd en ekki síst vegna þess að Ísland hefur gert færri tvísköttunarsamninga en öll önnur ríki Evrópu.²

Með 3. gr. frumvarpsins eru felld brott tíu ára tímamörk á nýtingu eftirstöðva rekstrartaps. Viðskiptaráð fagnar þessari breytingu enda er hún í samræmi við reglur á Norðurlöndum og öðrum löndum Evrópu, þar sem engin tímamörk eru á hversu lengi fyrirtæki mega nýta sér uppsafnaða skattinneign. Á grundvelli þess og sjónarmiða um að halda skattkerfinu einföldu og skilvirku, leggur ráðið til að fallið verði frá bráðabirgðaákvæði 4. gr. a.(I) um tíu ára tímamörk vegna rekstrartaps gildi áfram um eftirstöðvar rekstrartaps sem lauk á árinu 2024 eða fyrr í tíu ár. Þetta felur í sér að sérreglur um nýtingu eftirstöðva rekstrartaps mun gilda allt til ársins 2033. Einfaldara og skilvirkara sé að engin tímamörk verði á nýtingu rekstrartaps og að bráðabirgðaákvæðið verði aðeins látið telja frá síðustu tíu tekjuárum fyrir tekjuárið 2025 svo aðeins verði heimilt að nýta eftirstöðvar rekstrartaps sem mynduðust á rekstrarári sem lauk á árinu 2015 eða síðar, þ.e. tíu árum fyrir gildistöku laganna.

Viðskiptaráð telur markmið frumvarpsins og útfærslu þess til mikilla bóta og væntir þess að það einfaldi skattframkvæmd og styðji við aukna erlenda fjárfestingu hér á landi, samfélaginu öllu til hagsbóta.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða hvetur Viðskiptaráð til þess að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



María Guðjónsdóttir

Lögfræðingur Viðskiptaráðs

² Tax Foundation: Tax Treaty Network of European Countries:
<https://taxfoundation.org/data/all/eu/tax-treaties-european-tax-treaty-network-2020/>